

ÓVERULEG BREYTING Á DEILISKIPULAGI

sbr. 2. mgr. 43 gr skipulagslaga nr. 123/2010

# Skaftafell - þjónustusvæði



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

# Forsendur

## Tilfni og umfang breytingarinnar

Lögð er til breyting á deiliskipulaginu við þjónustumiðstöðina Skaftafelli sem samþykkt var í bæjarstjórn þann 22.07.2013 og staðfest með auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda þann 23.09.2013. Breytingar voru gerðar á deiliskipulaginu og þær samþykktar í bæjarstjórn 06.06.2016.

Aukinn fjöldi gesta kallar á bætta aðstöðu, nánar tiltekið tækjaskemmu fyrir ýmis tæki og áhöld þjóðgarðsins, vararafstöð, stýribúnað ofl. Bæta þarf við byggingareit fyrir skemmuna norðan við núverandi þjónustumiðstöð. Markmiðið er að byggingin verði látlaus, falli vel að þyrpingunni og að litaval henti staðnum. Byggingarreitnum var bætt við skipulagið með óverulegri breytingu sem var samþykkt í bæjarstjórn 8. október 2020 en hér er um að ræða aðra óverulega breytingu á afmörkun byggingarreitsins og mænishæð, vegna nýrra upplýsinga um heppilega tilhögun.

Byggingin verður á þjónustuhlaði, nánar tiltekið á svæði bak við núverandi gestastofu og í samræmi við þann húsakost sem fyrir er hvað varðar efnisval og skala. Deiliskipulagsbreytingin telst því óveruleg og verður grenndarkynnt fyrir hagsmunaaðilum á svæðinu skv. 2. mgr. 43. gr skipulagslaga.

## Skipulag og önnur áætlanagerð

Umrætt deiliskipulag er í samræmi við Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030, þar sem þjónustumiðstöðin í Skaftafelli er sýnd sem reitur í landnotkunarflokknum afþreyingar- og ferðamannasvæði, með auðkenni AF 22, á uppdrætti sem nefnist "Öræfi".


Stefna sveitarstjórnar kemur fram í kafla 8.2 í greinargerð aðalskipulagsins, þar sem segir:

*Áfram verður stefnt að því að byggja upp margvíslega ferðaþjónustu í tengslum við þjóðgarðinn. Stefna skipulagsins er að gera slíka uppbyggingu mögulega og að þjóðgarðurinn haldi áfram að styrkja ýmsa afleidda starfsemi. Hann hefur því „jákvæð“ áhrif á samfélag Hornfirðinga.*

Misræmi er milli auðkenna á uppdrættinum og í greinargerð. Í greinargerðinni eru sett fram skipulagsákvæði fyrir Skaftafell í töflu 22.5 undir auðkenninu AF 21. Þar segir:

*Upplýsinga- og þjónustumiðstöð í Vatnajökulsþjóðgarði. Tjaldsvæði.*

*Heimilt að reisa byggingar og önnur mannvirki til margháttaðrar þjónustu við ferðamenn og rekstrar vegna hennar, svo sem þjónustumiðstöð og gestastofa – bílastæði, göngustígar, áningarstaðir.*



Hluti af skipulagsuppdrætti "Öræfi" í Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs er sett fram stefna um landnotkun fyrir þjónustusvæðið í Skaftafelli. Þar segir:

### **Skaftafell**

*Forsendur:*

*Helsta þjónustusvæði á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs er í Skaftafelli. Þar er gestastofa, Skaftafellsstofa, stórt tjaldstæði með margvíslegri þjónustu og þjónustubyggingum svo og starfsmannabústöðum. Merktar gönguleiðir við allra hæfi eru á svæðinu og landverðir bjóða upp á skipulagðar gönguferðir og ýmsa fræðslu. Fræðslu- og upplýsingaskilti eru víða í Skaftafelli. Fjölmargir ferðamenn heimsækja Skaftafell árið um kring.*

*Athuga ber að þessi lýsing þjónustusvæðisins á við um þjónustumiðstöðina ásamt því svæði sem næst henni er, þ.m.t. það svæði sem stuttar gönguleiðir út frá þjónustumiðstöðinni ná yfir.*

*Markmið:*

*Að hafa stórt og rúmgott þjónustusvæði við eina af meginaðkomum þjóðgarðsins þar sem getur rúmast fjölbreytt þjónusta við gesti þjóðgarðsins, m.a. á vegum einkafyrirtækja.*

*Skilmálar:*

*Við endurnýjun deiliskipulags skal gert ráð fyrir stækkun þjónustusvæðisins og tjaldsvæða vegna vaxandi fjölda ferðamanna, fjölbreyttri þjónustu við gesti þjóðgarðsins og byggingu húsnæðis fyrir sumarstarfsmenn þjóðgarðsins.*

Framkvæmdin fellur ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

Deiliskipulaginu sem hér um ræðir var áður breytt vorið 2016 og með áðurnefndri óverulegri breytingu sem samþykkt var í bæjarstjórn 8. október 2020.

# Breyting á skilmálum og uppdrætti

## Breyttir skilmálar

### 4.8.4 Þjónustuhlað - þjónustumiðstöð /gestastofa / fræðslumiðstöð /smáhýsi við gistiflatir

Breytingar eru lagðar til á skilmálum fyrir byggingarreit B8.

Skilmálar fyrir breytingu:

**B8** er byggingarreitur fyrir skemmu, allt að 250m<sup>2</sup>, hæð útveggja allt að 3,5m og mænishæð 5m.

Skilmálar eftir breytingu:


**B8** er byggingarreitur fyrir skemmu, allt að 250m<sup>2</sup>, hæð útveggja allt að 3,5m og mænishæð 5,5m.




## Breytingar á uppdrætti

Breytingar á uppdrætti felast í örlítið breyttri lögum byggingarreits B8.

Deiliskipulagsuppráttur fyrir breytingu, samþykkt 06.06.2016, mkv. 1:1000



Deiliskipulagsuppráttur eftir breytingu mkv. 1:1000



## Málsmeðferð

Breyting þessi telst ekki í ósamræmi við þá byggð sem fyrir er t.d. hvað varðar notkun, nýtingarhlutfall og yfirbragð og ekki er talið að hún hafi áhrif á aðra en nágretta. Deiliskipulagsbreyting þessi er því grenndarkynnt í samræmi við skv. 2. mgr. 43 gr skipulagslaga nr. 123/2010 og gr. 5.9.2 í skipulagsreglugerð. Grenndarkynningin fer fram með auglýsingu í héraðsfréttablaðinu Eystrahorni og með tölvupósti á íbúapóstlista örafinga.

Veittur verður fjögurra vikna frestur til að koma með skriflegar athugasemdir. Þeim skal skila til skipulagsfulltrúa á bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar. Frestur til að skila inn athugasemdum er tilgreindur í auglýsingu sveitarfélagsins. Nánari upplýsingar um fyrirhugaða nýbyggingu og önnur atriði sem varða þessar deiliskipulagsbreytingu veitir skipulagsfulltrúi Hornafjarðar. Fyrirspurnir má senda á skipulag@hornafjordur.is.

Að fyrrgreindum fresti skal skipulagsnefnd gefa umsögn um athugasemdir til sveitarstjórnar sem síðan tekur endanlega afstöðu til athugasemda, umsagnar skipulagsnefndar og til gagna grenndarkynningarinnar. Senda skal þeim sem gerðu athugasemdir svör skipulagsnefndar / sveitarstjórnar og skal í svörum til hagsmunaaðila geta um kærueimildir.

Breytingin tekur gildi við auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda.

## Áritun

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem grenndarkynnt hefur verið frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_, skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br., var samþykkt í sveitarstjórn þann \_\_\_\_\_ 2021.

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2021.

---

Undirskrift sveitarstjóra